

6.5.4. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Hæð handriðs

Í grein 6.5.4 í byggingarreglugerð segir:

„Hæð handriða í stigum og tröppum byggingar skal bæði mæla frá fremstu brún þreps og frá yfirborði stigapalls að efri brún handriðs.

Handrið innan íbúðar skal minnst vera 0,90 m að hæð. Handrið stigapalla, stiga og trappa utan íbúða skulu aldrei vera lægri en 0,90 m. Þar sem ljósop milli stigahlaupa er breiðara en 0,30 m eða stigi snúinn skal handrið vera minnst 1,20 m á 3. hæð byggingar og ofar. Handrið vegg-svala skulu vera minnst 1,10 m að hæð, nema á hæðum ofan 2. hæðar, þar sem hæð handriðs skal vera minnst 1,20 m.


Þar sem aðalinngangur íbúðar er um svalagang skal handrið svalaganga ekki vera lægra en 1,20 m.

Handrið á útitröppum skulu vera í samræmi við kröfur reglugerðarinnar um hæð annarra handriða og aldrei vera lægri en 0,90 m. Þar sem ekki er fallhætta til hliðar í útitröppum er gerð krafa um handlista og skal hann aldrei vera lægri en 0,90 m.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 1. mgr.: Sjá mynd 1



Mynd 1. Hæð handriða, öll mál í mm

2 4. mgr.: Handlista er krafist í útitröppum þar sem ekki er fallhætta (útitröppur sem til dæmis fylgja jarðvegi), meðal annars til þess að blint eða sjónskert fólk og fólk með gönguskerðingu geti farið um tröppurnar.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	28.8.2012
2.0	2. breyting byggingarreglugerðar	5.7.2013
2.1	6. breyting byggingarreglugerðar	25.6.2018
2.2	8. breyting byggingarreglugerðar. Tilvísun tekin	27.6.2019
2.3		7.10.2019
2.4	MVS breytt í HMS	6.2.2020
2.5	9. breyting byggingarreglugerðar. Einfalda. Yfirlit yfir breytingar	16.11.2020